

1 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Demantsbrúðkaupssjóð prestshjón-  
6. jan. anná séra Pálma Þóroddssonar og Önnu H. Jónsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt  
ad mandatum af dómsmálaráðherra 6. janúar 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Demantsbrúðkaupssjóð prestshjónanna séra Pálma Þóroddssonar og  
Önnu H. Jónsdóttur í Hofsós.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Demantsbrúðkaupssjóður prestshjónanna séra Pálma Þóroddssonar og Önnu H. Jónsdóttur.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á 60 ára brúðkaupsdegi okkar hjóna 29. maí 1944 og er stofnfé sjóðsins upphaflega 7000 — sjö þúsund — krónur, en það er gjöf til okkar frá börnum okkar og tengdabörnum á áttræðisafmæli mínu, séra Pálma Þóroddssonar, 9. nóv. 1942, og er þetta framlag okkar til sjóðsins auk áfallinna vaxta af stofnfjárupphæðinni frá 9. nóv. 1942. Heimilt er að taka á móti gjöfum til sjóðsins.

### 3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Sparisjóði Hofshrepps eða öðrum tryggum stað hætti sparisjóðurinn störfum. Vextir skulu allir leggjast við höfuðstólinn til 1. jan. 1983. Hinn 29. maí 1984 skal fyrst úthluta úr sjóðnum ársvöxtum, en þá eru liðin 100 ár frá giftingu okkar. Aldrei má úthluta meira úr sjóðnum en 95% ársvaxtanna, en hitt leggst við höfuðstólinn.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæk gamalmenni búsett í Hofs- og Fells-hreppum til vistar á væntanlegu gamalmennahæli fyrir Skagafjarðarsýslu og falli upphæðin sem úthlutað er í hvert skipti að  $\frac{2}{3}$  til íbúa í Hofshreppi en að  $\frac{1}{3}$  til íbúa í Fellsahreppi. Leyfilegt er þó að breyta út af þessu þegar sérstök ástæða þykir til, enda sé þá tekið tillit til þess við síðari úthlutun úr sjóðnum, þannig að hin settu hlutföll milli hreppanna haldist óbreytt.

### 5. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd og skipa hana: sóknarprestur og hreppstjórar hlutaðeigandi hreppa. Reikningar sjóðsins skulu árlega endurskoðast af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu og úrskurðaðir af henni.

### 6. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

### 7. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og má henni ekki breyta að því er tilgang hennar og anda snertir.

Hofsós, 29. maí 1944.

Pálmi Þóroddsson. Anna H. Jónsdóttir.